

Loftmengun innanhúss

Við verjum stórum hluta ævinnar innanhúss. Í innlofti geta verið mengunarefni í miklum mæli sem geta haft slæm áhrif á heilsu.



1 / Tóbaksreykur

Getur haft slæm áhrif á þá sem þjást af öndunarfærastjúkdómum (s.s. astma), ert augu, valdið höfuðverk, hósta, særindum í hálsi og lungnakrabbameini.

2 / Ofnæmisvaldar (þ.m.t. frjókorn)

Geta aukið öndunarfæravandamál og valdið hósta, brjóstþyngslum og öndunarefniðleikum, ert augu og valdið útbrotum á húð.

3 / Kolmónoxíð (CO) og níturdíoxíð (NO₂)

Kolmónoxíð getur verið banvænt, ef styrkur þess er mikill, og valdið höfuðverk, svima og ógleði. Níturdíoxíð getur ert augu og háls og valdið mæði og sýkingum í öndunarfærum.

4 / Raki

Margar og fjölbreyttar tegundir baktería, sveppa og myglu geta vaxið og fjölgað sér innanhúss ef nægur raki er fyrir hendi. Áhrif frá þessum lífverum geta valdið öndunarfærastjúkdómum, eins og ofnæmi og astma, og haft áhrif á ónæmiskerfið.

5 / Efni

Viss (kemísk) efni sem eru notuð í hreinsiefni, gólfefni og í húsgögn geta haft skaðleg áhrif á lifur, nýru og taugakerfi og valdið krabbameini. Að auki geta þau valdið höfuðverk, ógleði og ertingu í augum, nefi og hálsi.

6 / Radon

Radon er geislavirk lofttegund sem getur verið að finna í grunnvatni. Lítið radon er á íslenskum heimilum, þar sem það hefur mælst hefur það í flestum tilfellum verið langt undir viðmiðunarmörkum. Innöndun getur skaðað lungu og valdið lungnakrabbameini.